



„Veigamikill þáttur í því að vel takist til með loðdýraræktina er sá, að þeir sem atvinnu þessa stunda séu starfi sínu vaxnir, hafi þá þekkingu sem til þarf svo störfín séu rétt leyst af hendi. Þess vegna hefur landbúnaðarráðuneytið áhuga á því að koma á fót kennslubúum í loðdýrarækt við bændaskólana“.

ákveðnar tillögur um vinnubrögð í þessu efni. Þær hafa enn ekki hlotið undirtektir og eru það vonbrigði. Ég tel að þessu verði ekki komið í kring án atfylgis stjórnvalda. Einhverntíma hafa verk líka verið skipulögð af minna tilefni. Ég tek sem dæmi, að þegar Arnshreppsáætlun og Inndjúpsáætlun voru framkvæmdar var unnið eftir sérstöku skipulagi. Þarna var þó um aðgerðir að ræða á mjög afmörkuðum svæðum og öll nauðsynleg þekking fyrir hendi í landinu.

Nú er hins vegar ætlunin að kenna töluverðum hluta heillar stéttar ný vinnubrögð og koma á fót heilum búgreinum, þar sem þekking og verkunnátta eru ekki fyrir hendi meðal bændna.“

Skortur á markvissum aðgerðum og heildarskipulagi

Í byrjun marsmánaðar 1981 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd skipaða fulltrúum Búnaðarfélag Íslands, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, yfirdýralæknis og landbúnaðarráðuneytis. Vegna ályktunar Búnaðarþings 1981 um loðdýrarækt var í apríl bætt við fulltrúum Stéttarsambands bændna og Sambands ísl. loðdýraræktenda. Starf nefndar þessarar skyldi einmitt vera að marka framtíðarstefnu í loðdýraræktinni hérlandis og hún felld í þann farveg að

verða fyrst og fremst aukabúgrein og styrkja dreifbýli vegna samdráttar eða vaxtarstöðvunar í hefðbundnum búgreinum.

Fyrsta verkefni nefndarinnar var að endurskoða lögin um loðdýrarækt. Voru gerðar allmiklar breytingar á þeim, sem m.a. stuðla að minni stofnkostnaði í húsum og að gera það mögulegt að nýta gamlar byggingar, með breytingu, án þess þó að slaka á vörslu dýranna. Þannig nýtast hús, sem bóndi hefur þegar byggt og hann sparar stórlega byggingarkostnað.

Lögin voru samþykkt í maí 1981. Næst var reglugerðin tekin til endurskoðunar. Það verður að játast, að hún hefur reynt erfið í smíðum af ýmsum ástæðum. Lausn er þó fengin á þessum vanda, a.m.k. í bili, svo nú er hún tilbúin til prentunar. Jafnframt þessu hefur verið unnið að því að Stofnlánadeild landbúnaðarins hefði það fé til ráðstöfunar, sem þörf krefur vegna stofnunar loðdýrabúa. Þar hafa einnig fleiri hlauðið undir baggan. Þótt lög segi ekki annað en að ráðuneytið skuli, að fenginni umsögn Búnaðarfélag Íslands, veita leyfi til stofnunar loðdýrabúa, hafa í framkvæmd verið með í ráðum þeir aðilar, sem nefndina skipuðu. Varla þarf Stéttarsambandið að kvarta undan því.

Nefnd vinnur að því að ná fram tollalækkun á efni til byggingar loðdýrabúa.

Í athugun er hvort unnt sé að veita tilskilin leyfi til að flytja inn heilbrigðari minkastofn en þann sem fyrir er í landinu.

Veigamikill þáttur í því að vel takist til með loðdýraræktina er sá, að þeir sem atvinnu þessa stunda séu starfi sínu vaxnir, hafi þá þekkingu sem til þarf svo störfín séu rétt af hendi leyst. Þess vegna hefur landbúnaðarráðuneytið áhuga á því að koma á fót kennslubúum í loðdýrarækt við bændaskólana.

Ríkið hafði ágætan mann á sínum vegum í eitt ár til þess að leiðbeina fyrstu refabændum landsins í byrjun og hétu þeir bændur því að miðla þeim leiðbeiningum til annarra er byrja vildu. Auk þess hafa verið haldin námskeið á búi þessa leiðbeinanda fyrir byrjendur.

Ríkið hefur stutt náms- og kynnisferðir til útlanda í þeirri grein.

Í hverju loðdýrabúsleyfi eru menn hvattir til að kynna sér allt er ræktunina varðar. Annars er hinn faglegi fræðsluþáttur á vegum Búnaðarfélag Íslands. Veit ég að menn þar á bæ hafa lagt sig fram við fræðsluna með námskeiðum, fundum, útgáfu bókar um refarækt o.fl. Tryggt hefur verið aukid fé á vegum ríkisins til sérfræðisþjónustu.

Sitt hvað fleira mætti nefna sem gert hefur verið og er í undirbúningi á þeim skamma tíma, sem liðinn er síðan refarækt hófst hér á landi að nýju en hér skal staðar numið.

Engar getgátur skulu hafðar um það, hver ástæðan sé til þessara skrifa Hákonar um loðdýraræktina. Betur tel ég að tímanum hefði verið varið á annan hátt.

Vissulega þarf að gera mikið átak til að þessari nýju búgrein, loðdýraræktinni farnist vel hér á landi.

eftir helgina



Heimspek- in í pylsu- vagninum

■ Þótt fyrirheit Veðurstofunnar um sól handa Sunnlendingum væru ekki fyrir hendi um þessa helgi, var hið fegursta verður á laugardag. Einn af þessum dögum, sem bæta upp, eða borga að fullu allan þennan úrsýnning og rosa, sem Íslendingar verða yfirleitt að þola, árið út að minnsta kosti á Suðurláglendinu.

Það hafði rignt alla vikuna, og nú þerraði sólin landið blíðlega og vatnssósa jörðin tók gleði sína aftur ásamt fólkinu. Höfuðborgin svo að segja tæmdist. Þetta var ferðahelgi, og menn óku í léttu skapi með svefnpoka sína og tjöld, ásamt soði, kjöti, brauði og kaffi. Ein nótt við læk og hríslu í fögru veðri er nefnilega af því guðlega fyrir þá sem búa í borgum. Þú ert einn með landi þínu og sefur vært, rétt eins og ríkisstjórn milli þinga.

Skip heiðríkjunnar siglir svo hægt.

Menn töluðu margt á Þingvöllum, en þar voru þúsundir manna á laugardag. Mest var þó líklega rætt um friðun hvalsins, eða samþykktir Alþjóða hvalveiðiráðsins. Þetta er alvarleg samþykkt fyrir margar þjóðir, þar á meðal fyrir Íslendinga. Bæði vegna hvalveiðinnar, sem er umtalsverður þáttur í atvinnu okkar og útflutningi, og hefur verið síðan ég man. Og ekki síður vegna þess, að algjört hvalveiðibann mun, þegar fram líða stundir, hafa stórfelld áhrif á lífríkið í hafinu. Það mun hafa áhrif á afla okkar, þegar þúsundir hvala sem þurfa engan olíustyrk, byrja að keppa við trollið og línuna. Hundrað tonna hvalur þarf nú sitt, hvað sem öðru líður. Það að halda hvalstofnum í ákveðinni stærð, tryggir manninum nefnilega vissa aðild að öðrum gæðum hafsins.

Líka var mikið rætt um seli, sem líka þurfa að borða fisk eins og hringormurinn. Og maður spyr sig í einlægni: Hvað á maðurinn annars að borða? Ásgeir Hannes í pylsuvagninum telur manninn vera grimmasta spendýr jarðarinnar, og má það rétt vera, því pylsuvagninn hans er mjög áreiðanleg stofnun og líklega eini pylsuvagninn í heiminum, sem stundar heimspeki og

stjórnmál að nokkru ráði. Hann vill friða sel, og lá honum enginn, sem horft hefur í selsaugu. En málið er bara ekki svona einfalt.

Konan á barnaheimilinu er mjög trúuð og hún heldur því fram, að ógæfa Íslendinga stafi meðal annars af því að þeir fylgi ekki boðorðunum tíu út í hörgul, heldur leggi á þau mat, fylgi sumum, en vanmeti önnur. Annað hvort eigi maður að hafa lögmálið, eða ekki segir hún. Það í er siðmenningin fólgin. Lögmálið er nefnilega eins og reikningurinn. Það er aðeins hægt að reikna rétt, eða rangt. Ekki er hægt að reikna sæmilega, eða þokkalega. Útkoman úr dæminu verður aðeins rétt, eða röng.

Svo einfalt er nú það. En það er ekki auðvelt að vera manneskja, því við erum neydd til að velja og hafna. Grænfríðungar fagna t.d. hvalasigrir fyrir utan hótél í Brighton og fara síðan heim og háma í sig kjötsúpu. Hvaðan skyldi það ket koma? Hver hefur friðað það? Hvað er selt í pylsuvagninum, annað en lífsgátan?


Sagt er að súlan í Eldey éti 30 tonn af smáfiski á dag, því hún fer ekki eftir friðunarreglum Hafrannsóknarstofnunarinnar um smáfisk í afla. Hún afkastar því eins og þrír skuttogarar og borðar jafn mikið af fiski og allir íbúar höfuðborgarinnar gjöra, því mér er sagt að Reykvíkingar borði 30 tonn á dag.

Danir skömmuðu okkur á síðasta þingi Norðurlandaráðs fyrir að drepa hvali. Fóstureyðingar í Danmörku voru 23.334 árið 1980.

Enginn skammaðist út af því. Íslendingar horfa daprir í selsaugu, en fóstureyðingar voru hér 513 árið 1980, en tekið skal fram að þetta er ekki grein um fóstureyðingar, heldur grein um það, að við erum neydd til að velja og hafna, þótt það sé ekki sársaukalaus.

Það er ósköp auðvelt að gera út á grimmð Íslendinga, sem veida hval. Og reyndar mjög göfugt að standa opinberlega með lífríkinu. En það er fremur aum stefna að gjöra slíkt, og verða á sama tíma að leyna matarvenjum sínum, bæði fyrir sjálfum sér og öðrum.

Jónas Guðmundsson



skýra mynd af listamanninum. Þá taka við myndir eftir Sólva Helgason og eru þær myndir bæði úr söfnum og í einkaeign. Svo tekur eitt við af öðru og

skal nú talið það er undirrituðum þótti merkast, þótt röðina megi ekki mis-skilja.

Ólöf Gríma Þorlákssdóttir f. 1895 á

þarna allmargar myndir, en stíll hennar er persónulegur. Best þótti mér myndin **Sterkir stofnar** No. 43. Þá vil ég nefna verkið **Ýsukarl, tré og ýsuröð** eftir Guðmund Valdmarsson f. 1918.

Ísleifur Konráðsson (1899-1972), sem líklega er frægasti naivistí okkar, á allmörg verk á sýningunni og þau eru flest frábær og lýsa list hans vel. Ísleifur var eyrarvinnumaður og málaði með búdarlitum; keypti réttan lit í búð, en blandaði ekki liti sjálfur.

Myndvefnaður Óskars Magnússonar f. 1915 er magnaður.

Óskar hefur tekið miklum framförum sem vefari en athyglisverðasta verkið fannst undirrituðum vera **Í árdaga**, en það er magnaður vefur.

Eggert Magnússon f. 1915 kemur skemmtilega fyrir og má myndin **Haustgeldingur** vera til merkis um stíl hans og séreinkenni.

Og að lokum skal minnst á myndir Gunnþórunnar Sveinsdóttur (1885-1970), en eftir hana eru 5 smámyndir, svo góðar, að manni koma í hug frægir menn og alþjóðleg menning.

Þótt hér hafi sú leið verið valin að geta um einstakar myndir og höfunda er sú umsögn ekki tæmandi. Frægðarmenn eins og Stefán í Móðrudal og margir fleiri, sýna þarna góðar myndir og þar sem svo stór hluti þessara mynda er í einkaeign, ættu menn ekki að láta þessa sýningu fram hjá sér fara. Ef aðrir þættir í Ári aldraðra takast ekki verr en þetta, er það vel.

Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist



Jónas Guðmundsson, rithöfundur, skrifar

